



1.1 Íþróttta- og tómstundasvið



Rekstur ÍTR (m.kr.)	Raun 2019	Áætlun 2019	Frávik	%
Tekjur	1.083	934	149	15,9%
Laun og launat. gj.	1.295	1.246	49	3,9%
Annar rekstrark.	4.122	4.094	28	0,7%
Nettó útgjöld	4.333	4.405	-72	-1,6%

Myndin hér til hliðar sýnir niðurstöðu í rekstri Íþróttta- og tómstundasviðs fyrir tímabilið janúar til júní 2019 í samanburði við fjárheimildir tímabilsins. Prósentuhlutföll í töflu lýsa frávikum frá raun niðurstöðu miðað við endurskoðaða áætlun (hér eftir nefnd áætlun). Allar tölur eru í milljónum króna.

Nettó útgjöld sviðsins voru 4.333 m.kr. sem var 72 m.kr. eða 1,6% undir fjárheimildum.



Þjónustubættir ÍTR

Málaflokkar ÍTR (m.kr.)	Tekjur	Áætlun 2019	Frávik	Laun og launatengd gjöld	Áætlun 2019	Frávik	Annar kosntaður	Áætlun 2019	Frávik	Nettó útgjöld	Áætlun 2019	Frávik	%
Styrkir	37	23	14	0	0	0	2.036	2.090	-53	1.999	2.066	-67	-3,3%
Sundlaugar	543	486	57	632	585	47	710	706	4	799	805	-5	-0,7%
Skíðasvæðin	333	291	42	144	142	2	242	191	51	53	42	11	26,7%
Frístundakort	0	0	0	0	0	0	499	485	14	499	485	14	2,9%
Húsdýragarður	103	86	17	158	143	15	111	96	16	166	152	14	9,4%
Hitt húsið	36	18	18	186	184	3	61	66	-5	211	231	-20	-8,7%
Ylströndin	11	4	7	21	16	5	26	25	1	36	37	-1	-1,7%
Síglunes	2	2	0	11	15	-3	9	5	4	18	18	0	1,4%
Gervigrasvellir	0	0	0	0	0	0	43	39	4	43	39	4	10,4%
Yfirstjórn ÍTR	0	0	0	71	68	2	17	22	-5	88	90	-2	-2,2%
Atvinnumál	0	0	0	40	37	3	0	0	0	40	37	3	0,0%
Íþróttahús	18	22	-4	11	13	-2	267	266	2	260	257	3	1,3%
Þjónusta við félög	0	0	0	0	0	0	25	36	-11	25	36	-11	-31,1%
Langtímeikindi	0	0	0	7	19	-12	0	0	0	7	19	-12	-63,9%
Annað	1	1	-1	13	24	-11	77	69	7	89	92	-3	-2,7%
Samtals	1.083	934	149	1.295	1.246	49	4.122	4.094	28	4.333	4.405	-72	-1,6%

Hitt húsið: var 20 m.kr. undir fjárheimildum eða 8,7%. Tekjur Hins Hússins voru 18 m.kr. yfir áætlun, þar af voru 7,5 m.kr. styrkir sem að Hitt húsið hefur aflað til ýmisa verkefna og þá voru tekjur nággranna sveitarfélaganna hærra en áætlun gerði ráð fyrir. Laun og launatengd gjöld voru 3 m.kr. yfir fjárheimildum og annar rekstrarkostnaður var 5 m.kr. undir fjárheimildum.

Styrkir: voru 67 m.kr. undir fjárheimildum eða 3,3%. Einkum vegna **Húsaleigu- og æfingastyrkja** sem voru 1.389 m.kr. sem var 61 m.kr. undir áætlun, sem skýrist af hliðrun á greiðslum á milli tímabila.

Sundlaugar: Rekstrarniðurstaða vegna sundlauga var um 799 m.kr. sem var 5 m.kr. eða 0,7% innan fjárheimilda. Tekjur sundlauga voru 57 m.kr. hærra en áætlun gerði ráð fyrir. Mun fleiri borga stakt gjald í Sundhöll og fleiri laugum en gert var ráð fyrir, munar þar miklu um fjölgun ferðamanna. Markviss markaðsáætlun til innlendra og erlendra viðskiptavina er að skila sér í

fjölgun gesta. Gott veður jók einnig aðsókn í laugarnar. Laun og launatengd gjöld voru 632 m.kr. sem var 47 m.kr. yfir fjárheimildum. Skýrist það einkum af háu veikindahlutfalli í tveim sundlaugum. Annar rekstrarkostnaður var 4 m.kr. yfir fjárheimildum.

Skíðasvæðin: voru 11 m.kr. yfir áætlun. Tekjur voru 42 m.kr. hærrí en áætlun gerði ráð fyrir. Þjónustudaga voru mun fleiri s.l. vetur en vanalega og meiri snjór sem skilar sér í auknum tekjum. Laun og launatengd voru 2 m.kr. yfir áætlun. Annar rekstrarkostnaður var 51 m.kr. yfir áætlun sem skýrist að hluta af fleiri þjónustudögum auk þess sem 23,5 m.kr. voru vegna yfirfærðs halla frá fyrra ári, þar af var hlutur Reykjavíkurborgar 56,7% eða 13,3 m.kr.

Frístundarkortið: var 14 m.kr. yfir áætlun eða um 2,9%. Eftir að frístundakortið hækkaði í 50.000 kr. þá hefur notendum fjölgað til muna.

Fjármála- og áhættustýringarsvið vekur athygli á:

- Rekstur sviðsins 72 m.kr. innan fjárheimilda eða 1,6% sem að mestu má rekja til hliðrunar í greiðslum á styrkjum milli tímabila.

